



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 23. október 2020

Efni: Umsögn um frumvarps til laga um tekjufallsstyrki og frumvarp um framlengingu á lokunarstyrkjum vegna COVID-19 faraldurs

Tilv. 202010-0014

Vísað er til tölvupósta frá nefndasviði Alþingis frá 20. október sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um annars vegar frumvarp til laga um tekjufallsstyrki, 212. mál og frumvarp er snýr að framlengingu á lokunarstyrkjum, 201. mál, hins vegar. Frestur til að skila umsögnum var veittur til 23. október.


Bændasamtök Íslands fagna frumvarpi til laga um tekjufallsstyrki sem mun koma til móts við einyrkja en aðgerðir stjórnvalda vegna kórónaveirufaraldursins hingað til, hafa lítið tekið á vanda þeirra sem eru með rekstur sinn á eigin kennitölu. Frumvarpið bætir þar að einhverju leyti úr.

Hvað bændur varðar snertir frumvarpið fyrst og fremst minni ferðapjónustubændur sem veitt hafa gisti-, veitinga-, eða aðra afþreyingarþjónustu og orðið hafa fyrir miklu tekjufalli vegna COVID-19 faraldursins, líkt og aðrir rekstraraðilar sem starfa í greininni. Þó er gerð athugasemd við skilyrði um að rekstraraðili geti sótt um styrk sem snýr að fjölda launamanna sem skv. frumvarpinu skulu ekki vera fleiri en þrír. Í mörgum tilfellum eru t.d. hjón í búskap sem þegar telja tvo starfsmenn og þá þarf ekki nema einn að koma til viðbótar til að menn falli utan gildissviðs laganna. Bændasamtökin telja eðlilegt að hækka hámarksfjölda launamanna úr þremur í fimm, þannig verður betur komið til móts við þessa aðila.

Lokunarstyrkir koma á hinn bóginn sjaldnast til móts við þessa aðila þar sem þeim hefur ekki verið fyrirskipað að loka vegna sóttvarna.

Samtökin hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt en leggja áherslu á að vinnu við reglugerð og umsóknarform verði hraðað eins og kostur er, sér í lagi af þeirri ástæðu að aðgerðir stjórnvalda hingað til hafa ekki komið til móts við þennan hóp rekstraraðila. Margir hafa þurft að kljást við stórfellt tekjutap án stuðnings frá upphafi faraldursins og því er nauðsynlegt að þessi hópur fái aðstoð sem allra fyrst. Þá eru Bændasamtökin reiðubúin til samstarfs um útfærslu aðgerðanna hvað varðar bændur ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

